

Frumvarp til laga

um

skipun varabiskups.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

Auk hins reglulega biskups skal skipa biskup til vara og nefnist hann varabiskup.

Varabiskup hefir biskupsvígslu og vígir hinn reglulega biskup landsins, þegar svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki vígt eftirmann sinn. Varabiskup getur og vígt presta, í forföllum hins.

Varabiskup hefir að árslanum 500 kr. úr landssjóði. Konungur veitir það embætti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Biskup hefir lagt það til að skipaður sje officialis eða varamaður til þess að vera til taks, er biskup fellur frá, meðan hann þjónar embætti, eða fatlast í embætti, svo að hann verður ófær til þess að vígja eftirmanni sinn.

Biskup hefir talið rjett að hafa hjer hið gamla officialis-nafn, með því að það sje rötgróið í kirkjusögu landsins, bæði í katólskum og lúterskum sið. Stjórnarráðinu hefir þótt viðkunnanlegra að hafa íslenskt heiti, varabiskup eða vígslubiskup, eins og biskup landsins og hefir talið mega viðhafa.

Markmið frumvarps þessa er, eins og áður er tekið fram, að tryggja það nokkurn veginn að biskupsvígsla geti ávalt farið fram á Íslandi. Verður það varla gjört með öðru móti en þessu, því að tæplega mun nú þykja fært að stofna hjer tvö biskupsembætti, eins og áður var. Það verður að teljast bæði viðkunnanlegast og á margan hátt hentugast, að æðsti prestur íslensku kirkjunnar geti jafnan fengið vígslu í landinu sjálfu. En ef varabiskup er skipaður á annað borð, þá sýnist og hentugt að honum sje ætlað að framkvæma prestsvígslu, ef það kann að koma fyrir að hinn reglulegi biskup fatlist um stund.

Það er gengið að því visu, að til varabiskups verði tekinn einhver af helstu kennimönnum landsins, sem eru í embætti eða hafa verið í embætti í kirkjunnar þjónustu. Því er ekki farið fram á hærri laun en 500 kr. um árið, og er það að visu rifleg borgun fyrir ekki meira starf en varabiskupi er ætlað, en getur á hinn bóginn orðið makleg launaviðbót fyrir einhvern merkan kennimann kirkjunnar.